Fundargerð

7. fundur öldungaráðs Reykjanesbæjar, fjarfundur

26. nóvember 2020 kl. 14:30

Viðstaddir: Þórdís Elín Kristinsdóttir, formaður, Díana Hilmarsdóttir og Rúnar V. Arnarson, fulltrúar Reykjanesbæjar, Eyjólfur Eysteinsson og Loftur Hlöðver Jónsson, fulltrúar Félags eldri borgara á Suðurnesjum, Ása Eyjólfsdóttir, forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, ritari.

* * *

1. Lýðheilsustefna Reykjanesbæjar (2019100079)

Drög að lýðheilsustefnu lögð fram. Lýðheilsuráð Reykjanesbæjar óskar eftir umsögn eða athugasemdum.

Öldungaráð telur að ekki sé nægilega hugað að málefnum eldri borgara í lýðheilsustefnunni.

Huga þarf að þörfum eldri borgara þegar græn svæði, göngu- og hjólastígar eru skipulögð, t.d. lýsingu, hvíldarbekkjum og að stígar séu sandaðir og/eða saltaðir.

Tryggja þarf aðgang eldri borgara að íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu.

Skoðað verði að koma á hvatagreiðslum fyrir eldri borgara.

Mikilvægt er að hugað sé að því hvernig fræðslu verði komið til eldri borgara.

2. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2020010375)

Tillaga til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 240. mál

https://www.althingi.is/altext/151/s/0258.html

Öldungaráð tekur heilshugar undir liði 1 og 2 í tillögunni en telur að aðrir liðir þurfi nánari skýringa við.

Öldungaráð Reykjanesbæjar samþykkir að taka eftirfarandi mál á dagskrá:

3. Fundargerðir öldungaráðs Suðurnesja 29. júní og 21. september 2020 (2020010375)

Fundargerðir lagðar fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.